



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Umgengni

Hvenær er rétt að takmarka umgengni barns
við foreldri þess?

Bergþóra Andrea Hilmarsdóttir

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2023

Umgengni

Hvenær er rétt að takmarka umgengni barns
við foreldri þess?

Bergþóra Andrea Hilmarsdóttir

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í lögfræði

Leiðbeinandi
Jónína Guðmundsdóttir
(*Lögmaður*)

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, 10. september 2023

Titill: Hvenær er rétt að takmarka umgengni barns við foreldri þess?
Stuttur titill: Takmörkun umgengni
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í
lögfræði.

Höfundarréttur © 2023 Bergþóra Andrea Hilmarsdóttir
Öll réttindi áskilin

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Bergþóra Andrea Hilmarsdóttir, 2023, bakkalárprófsverkefni, deild, hug- og
félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 33. bls.

Akureyri, 10. september 2023

Ágrip

Réttindi barns eru skýr um að það eigi rétt til að lifa, þroskast og njóta verndar og umönnunar til samræmis við aldur sinn og þroska án mismununar. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa í forgangi þegar ákvarðanir eru teknar um málefni þess. Réttur barns er að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem það varðar, og að tekið sé tillit til skoðana barnsins varðandi umgengni, eins og aldur þess og þroski segir til um.

Flest börn sem eiga foreldra sem búa ekki saman, njóta umgengni við það foreldri sitt sem þau búa ekki hjá, en sum börn njóta ekki umgengni, stundum út af því að þau vilja sjálf ekki umgengni eða að umgengni er ekki talin þeim fyrir bestu. Stundum getur þó verið mikilvægt að takmarka umgengni barns við foreldri þess, ef hætta er á að barn verður fyrir áföllum eða ofbeldi. Þá ber að hafa í huga hvað er barninu fyrir bestu, með tilliti til vilja þess og óska. Komi upp aðstæður sem eru þess valdandi að takmarka þurfi umgengni sem getur verið erfið ákvörðun, er mikilvægt að ákvörðun sé tekin út frá því sem best er fyrir barnið.

Löggjöf á sviði barnaréttar hefur þróast mjög síðastliðna áratugi, með auknum réttindum barna, með barnalögum og barnaverndarlögum ásamt alþjóðalögum eins og barnasáttmálanum sem er jákvæð og mikilsverð þróun fyrir réttindi barna. Skoðað verður hvort réttur barna sem sætt hafa takmörkun á umgengni hafi breyst með fullgildingu barnasáttmálans þá með tilliti til þess hvort hans er getið í dómum eða á honum byggt í dómaframkvæmd varðandi umgengni.

Út frá þessum hugleiðingum verður skoðað hvort sjálfstæður vilji barnsins og tjáningarréttur er virtur þegar kemur að dómaframkvæmd og freistað þess að svara spurningunni hvenær er rétt að takmarka umgengni barns við foreldri þess.

Abstract

The rights of a child are clear, they have right to live, develop and enjoy protection in accordance with their age and development without discrimination. The best interest of the child must always be a priority when decided about the child's affairs. The child's right to express their opinions in matters that concern them, along with the child's opinions regarding contact, as dictated by their age and maturity.

Most children who have parents who do not live together enjoy contact with the parent they do not live with, but some children do not enjoy contact, sometimes because they do not want contact or because contact is not in their best interest. Sometimes, it can be important to limit a child's contact with their parent, if there is a risk that the child will be exposed to trauma or violence. Keeping in mind what is best for the child, his will and wishes. If there are circumstances that make it necessary to limit contact, which can be a difficult decision, it is important that a decision is made based on what is best for the child.

Legislation in the field of children's rights has developed in the last decades, with increased rights for children, with children's laws and child protection laws together with international laws such as the Convention on the Rights of the Child, which is a positive and important development for children's rights. It will be examined whether the rights of children who have been subject to restrictions on access have changed with the ratification of the Convention on the Rights of the Child, considering whether it is mentioned in judgments or is based on it in case law regarding access.

Based on these considerations, it will be examined whether the child's independent will and right of expression is respected when it comes to judicial practice and the temptation to answer the question, when is it right to limit a child's contact with its parent?

TILEINKUN

Ég vil byrja á að þakka fjölskyldu minni þeim Óla og krökkunum, Anítu, Björgvin, Helgu og Köllu kærlega fyrir ómetanlegan stuðning, hvatningu og þolinmæði meðan á námi mínu hefur staðið. Það er ekki auðvelt að eiga mömmu sem er alltaf að læra og alltaf upptekin í tölvunni. Þessu fer senn að ljúka og við getum notið þess að vera meira saman. Takk, takk, takk. Ég elska ykkur endalaust, það eru engin takmörk á því.

Sérstaklega vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Jónínu Guðmundsdóttur, kærlega fyrir. Hún á heiður skilið fyrir að hafa gefið sér tíma til að lesa yfir ritgerðina mína í sumarfríinu sínu og veita mér góðar og nytsamlegar ráðleggingar við skrif ritgerðarinnar. Jafnframt þakka ég henni fyrir umhyggjusemina, þegar ég þurfti að fresta skilum ritgerðarinnar, vegna skyndilegs fráfalls bróður míns sem tók sinn toll í mínu lífi. Bestu þakkir, kæra Jónína.

Formáli

Löggjöf á sviði barnaréttar hefur þróast mjög síðastliðna áratugi með auknum réttindum fyrir börn með barnalögum og barnaverndarlögum ásamt alþjóðalögum. Lögunum er ætlað að standa vörð um réttindi barnsins m.a vegna forsjár, lögheimilis og umgengni, en einnig ef takmarka þarf umgengni barns við foreldri þess eða foreldra til að tryggja hagsmuni barnsins með það í huga sem barninu er fyrir bestu. Stundum getur verið rétt að takmarka umgengni barns við foreldri þess fyrir því geta verið ýmsar ástæður eins og t.d að barnið sjálf vill frekar búa hjá öðru foreldrinu en hinu af einhverjum ástæðum, sem þurfa ekki endilega að vera ógn við barnið, heldur geta verið að vinir barnsins séu nær öðru heimilinu en hinu og því vilji barnið frekar búa þar. En svo eru líka dæmi þess að börn verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðingu af hendi foreldris, sem ætti ekki að líðast í nútíma þjóðfélagi, lögð verða til grundvallar lög og dómar varðandi takmörkun umgengni. Skoðað verður hvort réttur barna hafi breyst með fullgildingu barnasáttmálans þá með tilliti til þess hvort hans er getið í dómum eða á honum byggt í dómaframkvæmd. Óhjákvæmilegt er að því fylgi mikill ótti, sorg og reiði í lífi barns svo það neiti umgengni við foreldri sitt og sjái sig knúið til að taka slíka ákvörðun. Því mun ég freista þess að svara spurningunni hvenær er rétt að takmarka umgengni barns við foreldri.

Efnisyfirlit

1 INNGANGUR	1
2 BARNARÉTTUR	3
2.1 FORSJÁ BARNIS	4
2.2 UMGENGNI SRÉTTUR	5
3 LÖGGJÖF VARÐANDI RÉTTINDI, HAGSMUNI OG VERND BARNA	8
3.1 BARNALÖG	8
3.2 BARN AVERNDARLÖG	9
3.3 BARNASÁTTMÁLINN	11
4 TAKMÖRKUN UMGENGNI	13
4.1 TÁLMUN	16
4.2 TAKIST EKKI SÁTT	17
4.3 VARANLEGT FÓSTUR	19
4.4 Vilji barnsins.....	20
4.5 Heimilisofbeldi og afleiðingar þess	25
4.6 Barnaníð	26
5 LOKAORÐ	29
6 HEIMILDASKRÁ	32

1 Inngangur

Góð tengsl milli barns og foreldris eru eitt af því mikilvægasta í lífi hvers barns því í foreldri sínu finnur barnið ást, umhyggju og kærleika og þroskast á farsælan hátt. Stór hluti barna býr nú þegar með báðum foreldrum sínum, en þau börn sem gera það ekki, eru þá mörg hver í jafnri umgengni við báða foreldra eða umgengst það foreldri semþ að býr ekki hjá með reglubundum hætti. Það er ekkert eitt form á því hvernig umgengni er háttað, heldur semja foreldrar almennt um umgengni eða farið er eftir úrskurði sýslumanns þegar foreldrar ná ekki sáttum. Umgengnisréttur nýtur verndar 1. mgr. 76. gr. barnalaga nr. 76/2003 (hér eftir barnalög eða bl.), sem kveða á um að barn eigi rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldri sitt sem það býr ekki hjá, sé það ekki andstætt hagsmunum barnsins.

Friðhelgi fjölskyldunnar nýtur verndar 1. mgr. 71. gr. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjkskr.). Annars vegar endurspeglar ákvæðið rétt barns til að njóta fjölskyldu sinnar án afskipta stjórnvalda og hins vegar rétt foreldra barnsins til að annast uppeldi þess. Jafnframt kemur fram í 3. mgr. ákvæðisins, að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., þá megi takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu ef nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Sambærilegt ákvæði má einnig finna í 9. gr. laga nr. 19/2013 um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, (hér eftir barnasáttmálinn eða bs.), sem var fullgildur hér á landi 1992 og lögfestur 2013. Framangreindir lagabálkar búa allir yfir ákvæðum sem heimila takmarkanir á rétti barnsins, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Verði barn fyrir því að illa sé hugsað um það eða það verði fyrir harðræði eða ofbeldi á heimili sínu geta stjórnvöld komið að málinu, og brugðist við til verndar barninu, ef óttast er að það sæti vanvirðandi háttsemi eða ofbeldi af einhverju tagi af hendi foreldra svo réttmætt þyki að takmarka umgengni barnsins við foreldrið, barninu til verndar.

Markmið ritgerðarinnar er að komast að hvaða ástæður liggja að baki því, að umgengni barns við foreldri þess er takmörkuð og hvaða orsakir liggja að baki þeirri ákvörðun. Í því ljósi verða dómar reifaðir, sem kunna að segja til um þær ástæður sem liggja að baki takmörkun umgengni. Of oft kom upp ágreiningsmál sem varða takmörkun á umgengni, en það má meðal annars sjá í fjölda slíkra mála sem rata til dómstóla.

Þá verða barnalög ásamt barnaverndarlögum nr. 80/2002, (hér eftir barnaverndarlög eða bvl.) skoðuð og farið yfir þá lagabálka með tilliti til þess hvort réttur barnsins sé nægilega tryggður þegar kemur að takmörkun á umgengni við foreldra. Í ritgerðinni verður í þessu

samhengi skoðað af hverju umgengni barns við foreldri þess er takmarkaður og hvað veldur því að sú umgengni er takmörkuð. Því verður leitast við út frá efni ritgerðar að fá svar við spurningunni, hvenær er rétt að takmarka umgengni barns við foreldri þess?

2 Barnaréttur

Barnaréttur varðar ekki eingöngu réttindi og vernd barna, heldur einnig hvernig við sem samfélag getum tryggt það að börn hafi aðgang að þeim réttindum. Áhrif barnaréttar á umgengni eru þau að annars vegar tryggir hann lagalegan rétt barnsins í forsjár- og umgengismálum og hins vegar verndar hann það, með því að segja til um hvernig þurfi að bregðast við til að verja réttarstöðu barns sæti það illri meðferð, óreglu eða ofbeldi af hendi foreldra sinna eða annarra. Barnaréttur er réttarsvið þar sem fjallað er um réttarstöðu barns að 18 ára aldri bæði gagnvart foreldrum þess og öðrum,¹ en þá lýkur barnæskunni eins og kemur fram í skilgreiningu 1. gr. 1. hluta. bs.,² sem kallast á við 1. mgr. 3. gr. bvl., og 1. gr. lögræðis laga nr. 71/1997, sem kveða á um að einstaklingur verður lögráða þegar hann nær 18 ára aldri.³

Réttur barns til að lifa, þroskast, njóta verndar og umönnunar auk annarra réttinda til samræmis við aldur þess og þroska án mismununar eru m.a. tryggð með setningu lagaákvæða sem banna hvers kyns ofbeldi eða vanvirðandi framkomu gegn barni.⁴ Réttindi barns hér á landi finnast aðallega í bl., bvl. og bs. Þessir þrír lagabálkar ákvarða að mestu um réttarstöðu barna og eru studdir af 3. mgr. 76. gr. stjkskr., og Mannréttindasáttmála Evrópu sem löggiltur var á Íslandi með lögum nr. 62/1994.⁵

Barnalögin eru ein af grundvallarlögum barnaréttar varðandi ákvörðun um faðerni, forsjá, umgengnisrétt og framfærslu barna, en þar er lögð mikil áhersla á sátt og samstöðu foreldra þegar kemur að málefnum barns þeirra, þannig að þeir geti í sameiningu unnið að því sem best er fyrir barnið.⁶ Barnalög hafa þróast í takt við tíðarandann, en á þeim urðu þáttaskil árið 1921 varðandi réttarstöðu barna hérlendis. Með tilkomu tveggja laga, sem voru annars vegar um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, með lögum nr. 46/1921, og hins vegar lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna með lögum nr. 56/1921, var þeim ætlað að jafna réttarstöðu barna og þar með m.a. lagður grunnur að gildandi barnalögum. Ýmsar breytingar voru gerðar á

¹ Sigríður Logadóttir: *Lög á bók, Yfirlitsrit um lögfræði*. Reykjavík: Mál og Menning 2. útg. 2016, 583.

² UNICEF og Þórhildur Línal: *Barnasáttmálinn, Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi* (ritstj. Þórhildur Línal), Reykjavík: UNICEF Ísland 2007, 9.

³ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók: Barnalögin nr. 76/2003, með síðari breytingum*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið 2. útg. 2021, 22.

⁴ Vefsíða Stjórnarráðsins. Sótt 20. júní 2023 á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/barnarettur/>.

⁵ Sigríður Logadóttir, *Lög á bók*. 2016, *op.cit.*, 583-584.

⁶ Sigríður Logadóttir: *Lög á bók, Yfirlitsrit um lögfræði*. Reykjavík: Mál og Menning 2003, 451.

lögnum áður en þau voru felld úr gildi með barnalögum nr. 9/1981, eins og ákvæði um foreldravald sem síðar var tekið upp í lögræðislögum.⁷ Réttur barns til að tjá sig varðandi mál sem er því viðkomandi og að skoðanir þess séu virtar er lögbundinn sbr. 1.mgr. 43. gr. bl. Þá er réttur barns sem er aðili að dómsmáli einnig tryggður þannig að barn geti látið í ljós skoðanir sínar með því að tjá sig í máli sem það er aðili að og það sé tekið tillit til skoðana þess í samræmi við aldur barnsins og þroska, út frá því sem barninu er fyrir bestu.

Þróun barnalaga bæði hér á landi sem og á hinum Norðurlöndunum hefur þá haldist í hendur við meginreglur norræns réttar. Með víðtækri endurskoðun barnalaga undanfarin ár hafa breytingarnar að mestu snúist um lagaákvæði forsjár, umgengni og búsetu barns, en einnig um framfærslu og meðlag. Barnaréttur er því í stöðugri þróun í takt við tíðarandann og breytingar á samfélaginu, fjölskyldumynstur og hagsmuni barna.⁸

2.1 Forsjá barns

Öll börn eiga rétt á að þekkja báða foreldra sína skv. 1. gr. a. bl. Kjarni forsjár er sá að foreldrar ólögráða barns fyrir æsku sakir eða þeir sem hugsa um barnið í stað foreldra ráði högum barnsins sbr. 1. mgr. 51. gr. lögræðislaga nr. 71/1997., sbr. 1. mgr. 7. gr. bs.

Forsjá barns og foreldraskyldur koma fram í V. kafla bl. Þar er m.a. kveðið almennt á um rétt barns til forsjár beggja foreldra sinna að sjálfræði þess og að foreldrar séu forsjárskyldir við barnið sbr. 1. mgr. 28. gr. bl. Hafi foreldrar skilið eða hætt sambúð, á barnið rétt á forsjá annars þeirra eða beggja. Inntak þessa réttar barnsins varðar fyrst og fremst skyldur foreldra samkvæmt 28. gr. bl. um að annast barnið, sýna því virðingu og umhyggju og veita því vernd gegn ofbeldi og vanvirðandi háttsemi. Forsjá felur einnig í sér að forsjárforeldri skuli fræða barnið, ala með því iðjusemi og siðgæði, styðja það til menntunar og áhugamála, allt eftir því sem hentar barninu og þörfum þess best,⁹ sbr. 2. mgr. 1. gr. bvl.

Þar sem forsjá barns er lögbundin, má henni eingöngu breyta með samningi eða dómi, þrátt fyrir að foreldrar fari saman með forsjá barns eða annað þeirra, er ekki leyfilegt að fleiri en tveir fari með forsjá á sama tíma. Meginregla barnalaga er sú að foreldrar sem búa ekki saman fari sameiginlega með forsjá barnsins vegna sameiginlegrar ábyrgðar þeirra á hagsmunum barnsins,

⁷ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators 1995, 46-47.

⁸ Hrefna Friðriksdóttir, *Handbók, op.cit.*, 37.

⁹ Jónas Jóhannsson: „*Hafnarfjarðarleiðin*“ *Breyttar áherslur og aðferðir við sáttameðferð forsjármála*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2006, 329.

þar sem forsjá hefur ekki áhrif á hvar lögheimili barnsins er heldur varðar hún sameiginlega ábyrgð foreldranna í uppeldinu.¹⁰ Móðir fer þó ein með forsjá barns, séu foreldrar þess hvorki giftir né í skráðri sambúð þegar barn fæðist sbr. 2. mgr. 29. gr. bl. Samningar foreldra um forsjá, lögheimili og búsetu eru útfærðir í 32. gr. bl. Þar er m.a. kveðið á um sameiginlega forsjá foreldra, slíti þau samvistum og skilnaður skráður í þjóðskrá. Þegar sýslumaður hefur staðfest samning um forsjá, gildir hann og sýslumanni ber að leiðbeina foreldrum um inntak forsjár og réttaráhrif skráningar, búsetu og lögheimili barnsins sbr. 32. gr. a. bl.

Í barnaverndarlögum er einnig heimild til þess að barnaverndarnefnd geti krafist þess fyrir dómi að foreldrar verði sviptir forsjá barns sbr. 29 gr. bvl., sbr. 4. tl. 3. mgr. 13. gr. bvl. Slíks er þó einungis krafist séu foreldrar metnir óhæfir til þess að sinna forsjárskyldum sínum og vægari úrræði hafi þegar verið reynd, eins og vistun barns tímabundið utan heimilis og samvinna við foreldra á meðan. Fari vistun barns fram utan heimilis og foreldrar og barn sem orðið er 15 ára samþykkja það, getur barnaverndarnefnd tekið við forsjá eða umsjá barnsins og annað hvort ráðstafað barninu í fóstur, eða utan heimilis, á heimili eða stofnun til umönnunar og stuðnings barninu skv. XIII. og XIV. kafla bvl. sbr. 1. mgr. 25. gr. bvl. Fóstur eða vistun barns stendur að jafnaði ekki lengur en þörf krefur, nema hagsmunir barnsins séu þess eðlis að vista verði barnið þangað til það verður lögráða sbr. 2. mgr. 25. gr. bvl. Þegar úrræði skila ekki árangri eða eru ófullnægjandi skv. 24 og 25. gr. bvl., getur barnaverndarþjónusta farið fram á að umdæmisráð barnaverndar úrskurði gegn vilja foreldra vegna hagsmuna barnsins sbr. a-e lið. 1. mgr. 26. gr. bvl.

2.2 Umgengnisréttur

Skýlaus réttur barns til umgengni við foreldra sína er lögum bundinn, en hann getur líka sætt takmörkunum þegar hagsmunir barnsins krefjast þess. Umgengni og umgengnisréttur er einn af grundvallarréttindum barnsins en hann snýst um samvistir og samskipti barns við það foreldri sem barnið býr ekki hjá óháð forsjá foreldra þess. Umgengnisréttur felur ekki eingöngu í sér rétt barnsins til foreldri þess, heldur einnig rétt foreldris til umgengni við barnið, sé það ekki andstætt hagsmunum barnsins sbr. 46. gr. bl. Foreldrar barns eru því þeir einu sem geta óskað eftir umgengni, nema annað foreldri eða báðir séu látnir eða geta ekki hugsað um barnið. Þá

¹⁰ Hrefna Friðriksdóttir, *Handbók, op.cit.*, 20.

geta nánustu ættingjar óskað eftir umgengni við barnið með því að leggja fram beiðni þess efnis til sýslumanns.¹¹

Í seinni tíð hefur jöfn umgengni orðið fyrirferðameiri og hlotið mikla ánægju hjá mörgum foreldrum, eins og t.d. að barn er í jafnri umgengni við báða foreldra sína í viku senn. Slík umgengni kallar á að foreldrar séu nokkuð samstíga í uppeldinu og samskipti þeirra allavega viðundandi.¹²

Það er ekki sagt beint í lögnum hversu mikil eða lítil umgengni skuli vera, en hér er stuðst við skilgreiningu sem fram kemur í bók Hrefnu Friðriksdóttur, *Handbók-barnalög nr. 76/2013, með síðari breytingum*, þar sem fram kemur að almenn viðmið um lágmarks umgengni, séu aðra hvora helgi hjá því foreldri sem barnið býr ekki hjá, einhverja daga um hátíðar og einhverjar vikur að sumri.¹³

Lögin sjálf leggja línurnar um umgengni og þær forsendur sem liggja til grundvallar þegar foreldrar gera samning um umgengni. Komi upp ágreiningur, eða foreldrar ekki sammála um hvernig þeir vilji hafa umgengnina, geta þeir leitað til sýslumanns eftir aðstoð. Sýslumaður úrskurðar þá um umgengni samkvæmt 1. mgr. 47. gr. bl. með það í huga að ákvörðun sé alltaf tekin með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Sýslumaður lítur til tengsla barnsins við foreldra þess, aldurs, stöðugleika, búsetu foreldra og vilja barnsins með tilliti til aldurs þess og þroska. Sýslumanni ber líka að meta hvort barn, foreldri þess eða aðrir heimilismedlimir barnsins hafi eða muni sæta ofbeldi á heimilinu og hvort ágreiningur eða samskiptavandamál foreldra séu þess eðlis, að þau komi í veg fyrir að barnið alist upp við þroskavænleg skilyrði. Telji sýslumaður að með umgengni séu hagsmunir barnsins fyrir borð bornir, getur hann kveðið á um að það verði engin umgengni sbr. 1. mgr. sbr. 47. gr. bl. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að sýslumaður leggur fram úrskurð um inntak umgengnisréttar og hvernig honum skuli framfylgt, en hann getur líka neitað að kveða á um inntak umgengni sé það barninu fyrir bestu. Sambærilegrar sjónamiða horfir dómari til þegar dæmt er um umgengni í forsjármálum sem rekin eru fyrir dómstólum.

Það sjónarmið hefur stundum brugðið fyrir í dómaframkvæmd að það foreldri sem er samvinnuþýðara í sambandi við umgengni, sé líklegra til að standa betur að vígi þegar kemur að dómi í forsjármáli, því það standi frekar við umgengni.¹⁴ Dæmi um slíka framkvæmd má sjá í dómi Landsréttar L 19. febrúar 2021 (547/2020) sem rakinn verður í kafla 4 hér á eftir.

¹¹ Sigríður Logadóttir, *Lög á bók*. 2016, *op.cit.*, 594.

¹² Hrefna Friðriksdóttir, *Handbók*, *op.cit.*, 22.

¹³ Hrefna Friðriksdóttir, *Handbók*, *op.cit.*, 22.

¹⁴ Davíð Þór Björgvinsson, *Barnaréttur*, *op.cit.*, 200.

Talið er að umgengni þriggja til fjögurra ára barns eigi ekki að vera í of langan tíma í einu, en það er þó persónubundið miðað við félagslegan og vitsmunalegan þroska barnsins. Því eldra sem barnið verður er líklegra að það ráði betur við umgengni á milli foreldra. Níu til tólf ára barn öðlast meiri ábyrgð með auknum þroska sem og að siðferðis- og réttlætiskennnd þess verður meiri og það getur tjáð vilja sinn. Unglingar að 15 ára aldri eru háð foreldrum sínum en vilja samt vera sjálfstæð og aðgreina sig frá þeim, en eru nánari vinum sínum í skóla, leik og áhugamálum. 15–18 ára ungmenni eru oft mjög sjálfstæð og vilja ráða umgengni sjálf, foreldrarnir verða þá frekar stuðningur en umönnunaraðilar.¹⁵

¹⁵ Hrefna Friðriksdóttir, *Handbók, op.cit.*, 246-248.

3 Löggjöf varðandi réttindi, hagsmuni og vernd barna

Flestir þurfa ekki að velta fyrir sér löggjöf varðandi börn, en stundum er það þó þannig að löggjöfin er nauðsynleg til verndar hagsmunum þeirra barna sem á henni þurfa að halda. Barnalögin, bvl. og bs. er ætlað að tryggja rétt barnsins og hagsmuni þeirra barna sem sæta því að takmarka þurfi umgengni þeirra við foreldri sitt annað eða bæði. Bregðist foreldrar börnum sínum í uppeldinu, getur þurft að takmarka umgengni, er þá litið til laganna eftir úrræðum til verndar þeim.

3.1 Barnalög

Fyrstu heildstæðu barnalögin voru sett á Íslandi með bl. nr. 9/1981. Lögin hafa síðan tekið jákvæðum breytingum fyrir stöðu barnafjölskyldna í landinu, með tilliti til jafnréttis, stöðu kynjanna og þátttöku beggja foreldra í uppeldinu. Eins hefur verið fest í lögin sjálfstæður vilji barnsins um hvað barnið sjálft vill varðandi umgengni og lögheimili og rétt þess til að tjá sig og láta vilja sinn í ljós en þannig er hagsmunum barnsins mætt, út frá því sem barninu er fyrir bestu.¹⁶

Frá því núgildandi barnalög nr. 76/2003 tóku gildi, hafa orðið miklar breytingar á umgengni barna við foreldra þeirra, samræmdar voru þarfir barnsins og foreldrar virkjaðir til ábyrgðar og þátttöku í lífi og uppeldi barnsins út frá hagsmunum þess. Lögð var sú ábyrgð á foreldra að kæmi til skilnaðar eða sambúðarslita bæri þeim að tryggja barninu tengsl og umgengni við báða foreldrana.¹⁷ Þarna var ekki eingöngu um að ræða réttarstöðu barna, heldur einnig stöðu foreldra þeirra til umgengni, forsjár og framfærslu barnsins, en þessi þrjú atriði eru grundvöllur að réttarstöðu barna í dag og því mikilvægt að lögin endurspegli þau.¹⁸

Með lögnum var einnig lögfest ákvæði um skyldu foreldra til að fara í sáttameðferð geti þau ekki sammælt um forsjá, lögheimili og umgengni, auk þvingunarúrræða og viðurlaga við brotum á þeim sbr. 33. gr. a. Sumar lagareglurnar eru ófrávíkjanlegar en þeim er ætlað að þjóna hagsmunum barnsins, sbr. 7. gr. um að barn skuli skráð í þjóðskrá þegar það fæðist og sé feðrað,

¹⁶ Hrefna Friðriksdóttir, *Handbók, op.cit.*, 10.

¹⁷ *Ibid.*, 10.

¹⁸ *Ibid.*, 39.

á meðan aðrar eru skýrar en frávíkjanlegar og umsemjanlegar s.s. varðandi umgengni. Þær eru þá nokkurs konar leiðbeiningareglur fyrir foreldra og vísa til þess sem er best fyrir barnið og undirstrika sameiginlega ábyrgð foreldranna í uppeldinu.¹⁹

Sýslumaður úrskurðar um umgengni eigi barn fasta búsetu hjá öðru foreldri sínu og foreldrum greinir á um umgengnina, sú ákvörðun skal tekin með það í huga sem barninu er fyrir bestu, með tilliti til aldurs þess og þroska. Sýslumaður metur hvort barnið, foreldri þess, eða aðrir heimilismeðlimir eigi á hættu eða hafi orðið fyrir ofbeldi á heimilinu eða samskipti foreldra séu þess eðlis að umgengni dragi úr eða hindri þroska barnsins, sbr. 1. mgr. 47. gr. bl. Sé það reyndin úrskurðar hann um inntak umgengnisréttar og hvernig honum skuli beitt, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Foreldri sem barn býr ekki hjá á bæði rétt og ber þær skyldur við barnið að það njóti umgengni við hitt foreldrið sé það ekki anstætt hagsmunum barnsins að mati dómara sbr. 46.gr. bl. Greini foreldra á um forsjá eða lögheimili sker dómari úr málinu með dómi eða dómsátt hafi ekki tekist sátt sbr. 1. mgr. 34. gr. bl. Þegar dómari fer yfir mat á því hvort takmarka eigi umgengni lítur hann m.a til hæfis foreldra, stöðugleika í lífi barnsins, tengsla barns við foreldra og skyldur foreldra ásamt því hvort foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi og vilja barns miðað við aldur þess og þroska sbr. 34. gr. bl.

3.2 Barnaverndarlög

Barnaverndarlögum er ætlað að tryggja vernd og umönnun barna sem búa við óviðunandi aðstæður, eða þau sæti óæskilegri framkomu af hendi foreldra sinna eða annarra eða ef óttast er um heilsu þeirra eða líf sé í hættu, þá fái þau nauðsynlega aðstoð frá hinu opinbera. Barnaverndarlög tóku gildi með lögum nr. 80/2002. Markmið laganna er annars vegar að tryggja réttindi barna til samræmis við aldur þeirra og þroska, og hins vegar kveða þau á um skyldur foreldra til verndar og umönnunar barna sbr. 1. gr. laganna ásamt heimildum hins opinbera til að grípa inn í, ef óttast er að hagsmunir eða velferð barns sem er yngra en 18 ára er ógnað sbr. 1. mgr. 3. gr. bvl. Markmið laganna er jafnframt að tryggja hverju barni viðunandi uppeldisaðstæður þar sem heilsu, lífi eða limum barns sé ekki stofnað í hættu, en gerist það á barnið að fá alla þá hjálp sem það nauðsynlega þarf því til verndar, sem felst í því að styrkja fjölskyldu þess og beita öllum tiltækum úrræðum til verndar barninu sbr. 1. mgr. 2. gr. bvl.

¹⁹ *Ibid.*, 10.

Í þriðja kafla laganna er fjallað um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar, en þar kemur m.a. fram, að sveitarfélögin beri ábyrgð á barnavernd og þeim beri að starfrækja barnaverndarþjónustuaf faglegri þekkingu svo þær geti leitað sér sérfræðiaðstoðar ef með þarf við meðferð barnaverndarmála en barnaverndarnefnd beri ábyrgð á þeim verkefnum og ákvörðunum sbr. 10. gr. bvl. Fjórti kafla laganna fjallar um tilkynningarskyldur og aðrar skyldur sem almenningur hefur við barnaverndaryfirvöld eins og að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef talið er að uppeldisaðstæður barns séu óviðunandi eða það verði fyrir ofbeldi eða vanvirðandi háttsemi, einnig ef barnið sjálft stofnar heilsu sinni eða þroska í hættu sbr. 16. gr. bvl.

Barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar, koma á áætlun um meðferð mála sem þeim berast um samþættingu þjónustu og meta hvaða úrræði þau hafa sbr. 23. gr. bvl. Úrræði getur verið hvort heldur sem er með samþykki foreldra og barns á heimili barnsins eða utan heimilis. Samþykki foreldrar úrræði á heimili er þeim veitt aðstoð t.d. með tilsjónarmanni eða stuðningsfjölskyldu sbr. d. lið. 1. mgr. 24. gr. bvl. Hafi úrræðið ekki skilað getur barnaverndarþjónusta með samþykki foreldra og barns tekið við forsjá eða umsjá barnsins og ráðstafað því í fóstur sbr. a. lið. 1. mgr. 25. gr. bvl. getur barnaverndarþjónusta farið fram á að umdæmisráð barnaverndar úrskurði gegn vilja foreldra. Þau úrræði sem umdæmisráð barnaverndar getur gripið til er að úrskurða um að vista barn utan heimilis, sbr. 26. gr. bvl. Séu hagsmunir barns brýnir og gegn vilja bæði foreldra og barns sem er orðið 15 ára, má vista það á heimili eða stofnun til að tryggja öryggi barnsins, sbr. 1. mgr. 27. gr. bvl. Dómstóll úrskurðar um, ef vista þarf barn utan heimilis og barnaverndarþjónusta telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins skv. a. og b. lið. 1. mgr. 27. gr. bvl. Þegar úrskurður umdæmisráðs barnaverndar liggur fyrir, getur barnaverndarþjónusta krafist framlengingar á vistun skv. 27. og 28. gr. bvl., eða krafist þess að forsjárvipting fari fram með dómi þegar um brýna hagsmuni barnsins er að ræða, áður en vistunartímanum er lokið og úrskurður eða dómur fellur í málinu. sbr. 29. gr. bvl.

Forsjárvipting er fengin með aðkomu barnaverndarþjónustu að undangengnum úrskurði umdæmisráðs barnaverndar sem veitir heimild til þess að krefjast þess að foreldrar barns, annað eða bæði, séu svipt forsjá á grundvelli þess að barnið búi við vanrækslu í umönnun, uppeldi eða samskiptum, miðað við aldur og þroska barns sbr. 1. mgr. 29. gr. bvl. Krafa um forsjárviptingu er eingöngu gerð ef önnur og vægari úrræði hafa verið reynd án viðunandi árangurs, sbr. 2. mgr. 29. gr. bvl. Verði barn forsjárlaust er því skipaður lögráðamaður sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. bvl.

Í sjöunda kafla laganna koma fram aðrar ráðstafanir sem barnaverndaryfirvöld geta nýtt sér ef óttast er að barni sé hætta búin vegna ofbeldis, ógnana og hótana eða vímuefnaneyslu, en þá er lögð fram beiðni til lögreglu um að viðkomandi einstaklingi verði bannað að koma nálægt barninu og honum bannað að dvelja á heimili barnsins, til að tryggja hagsmuni þess, sbr. 37. gr. bvl. Það er því ljóst að ef takmarka þarf umgengni barns við foreldri þess, segja lögin til um hvernig það er gert, en mikið þarf að koma til svo umgengni barns við foreldri þess sé takmörkuð.

3.3 Barnasáttmálinn

Barnasáttmálinn er alþjóðlegur samningur allra ríkja sem eru aðilar að samningnum og er honum ætlað að tryggja öllum börnum jafnan rétt til verndar, umönnunar og góðs lífs. Aðildarríkjum sammingsins ber að framfylgja honum til verndar börnum. Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var lokið með samþykki hans á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Samningurinn sem er jafnan kallaður „barnasáttmálinn“, var lögfestur á Alþingi þann 20. febrúar 2013 og varð að lögum nr. 19/2013 sem er nú hluti íslenskrar löggjafar en hann tryggir öllum börnum vernd og umönnun.²⁰ Þrátt fyrir að sáttmálinn hafi verið fullgildur hérlendis í ríflega 20 ár og íslenska ríkið skuldbundið ákvæðum hans, hefur sjaldan verið vitnað til hans beint í málum stjórnvalda eða dómstóla. Orsökina fyrir því má væntanlega rekja til þess að barnasáttmálinn hefur sömu lagalegu stöðu og önnur íslensk lög og er nú hluti barna- og skólalaga. Lögfesting sáttmálans tryggir að honum sé beitt til áhrifa í íslensku samfélagi.²¹

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur eftirlit með framkvæmd barnasáttmálans hjá aðildarríkjunum sem gefur út almennar athugasemdir og fylgist með að aðildarríkin fari að framkvæmd sáttmálans. Barnaréttarnefndin skilgreinir fjórar reglur barnasáttmálans sem grundvallarreglur þar sem þær hafi áhrif á túlkun og framkvæmd annarra ákvæða.²² Þessar fjórar grundvallarreglur koma fram í 2., 3., 6., og 12. gr. bs. Fyrsta grundvallarreglan kemur fram í 2. gr. bs. Þar segir að öllum börnum skuli tryggður jafn réttur til að njóta réttinda

²⁰ Sigríður Logadóttir, *lög á bók*. 2003, *op.cit.*, 585.

²¹ Vefsíða Barnasáttmála. Sótt 20. júní 2023 af <https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-foreldra/saga-barnasattmalans>.

²² Hrefna Friðriksdóttir: „Samningur um réttindi barnsins“ í *Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (ritstj. Björg Thorarensen o.fl.), Reykjavík: Bókaútgáfan Codex og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands 2009, 289-338 (301).

barnasáttmálans án nokkurrar mismununar. Önnur grundvallarreglan kveður á um að allar ákvarðanir sem yfirvöld taka varðandi börn skuli byggjast á því sem barninu er fyrir bestu sbr. 3. gr. bs. Þriðja grundvallarreglan kveður á um að ríki viðurkenni ábyrgð sína á meðfæddum rétti barns til lífs, afkomu og þroska sbr. 6. gr. bs. Fjórða grundvallarreglan er að ríki tryggi réttindi barns til að láta skoðanir sínar í ljós sem á við öll mál sem varða barn, það á rétt á því að tjá sig og láta í ljós vilja sinn, og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þess og rödd þess fái að heyrast við málsmeðferð fyrir dómi sbr. 12. gr. bs.²³

Aðildarríkjunum ber skylda til að tryggja að barn verði ekki aðskilið frá foreldrum sínum gegn vilja þess, nema að til þess bær stjórnvöld sem falli undir dómstóla endurskoði ákvörðunina og aðskilnaður sé nauðsynlegur vegna hagsmuna barnsins sbr. 9. gr. bs. Slík ákvörðun getur verið nauðsynleg í einhverjum tilvikum eins og þegar um misnotkun eða vanrækslu er að ræða af hendi foreldra barnsins eða að foreldrar barnsins hafi hætt sambúð eða skilið en þá ber að taka ákvörðun um búsetu barnsins. Aðildarríkjum sammingsins ber að sýna réttindum barns virðingu hafi það verið aðskilið frá öðru eða báðum foreldrum sínum, með því að barnið viðhaldi sambandi og persónulegum tengslum við báða foreldra sína, nema að það þjóni ekki hagsmunum barnsins sbr. 3. mgr. 9. gr. bs. Ljóst er að barnasáttmálanum er ætlað að tryggja stöðu barna með því að skylda aðildarríki sammingsins til að framfylgja ákvæðum hans.

²³ Vefsíða Umboðsmanns barna. Sótt 20. apríl 2023 á <https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmali-sameinudu-thjodanna>.

4 Takmörkun umgengni

Þrátt fyrir skilyrðislausan rétt barns og foreldris þess til umgengni við hvort annað getur komið upp sú staða að foreldra greini á um umgengni eða að takmarka þurfi umgengni til að vernda barnið. Takist foreldrum ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu um umgengni, getur annað hvort þeirra óskað liðsinnis sýslumanns, sem þá ákveður umgengni út frá hagsmunum barnsins, ekki foreldranna.

Sýslumaður lítur til þess sem best er fyrir barnið m.a. til tengsla barnsins við foreldra þess, búsetu foreldra, vilja barnsins, þroska og aldur barnsins, en aldur skiptir máli þegar úrskurða á um umgengni, þar sem ung börn eru oft styttra en eldri börn í umgengni, eins geta þau eldri sagt til um hvernig þau vilja, eða vilja ekki hafa umgengni. Sýslumaður er skyldugur til að meta hvort barnið, foreldri þess eða aðrir heimilismeðlimir eigi á hættu að verða fyrir ofbeldi eða hafi orðið fyrir ofbeldi, þá sérstaklega hvort ágreiningur og samskipti foreldra muni hafa þau áhrif að hann dragi úr möguleikum barnsins til þroska. Telji sýslumaður að umgengni barns við foreldra þess samræmist ekki hagsmunum barnsins, getur hann úrskurðað um að það verði engin umgengni sbr. 1. mgr. 47. gr. bl. Komi slík staða upp að takmarka þurfi umgengni barns við foreldri þess og mál barnsins sé þess eðlis að andlegri og líkamlegri heilsu þess sé stofnað í hættu með umgengninni og barninu ráðstafað í fóstur skal taka ákvörðun um umgengni barnsins við foreldri þess sbr. 3. mgr. 47. gr. bl. Við sérstakar aðstæður t.d. ef foreldri er sakað um vanvirðandi háttsemi eða ofbeldi gegn barni, getur sýslumaður úrskurðað um að sérfræðingur í málefnum barna hafi eftirlit með umgengninni til að tryggja öryggi barnsins sbr. 4. mgr. 47. gr. bl. Úrskurði sýslumanns má skjóta til dómsmálaráðuneytisins séu foreldrar ekki sammála honum en að öðru leyti leysa dómstólar úr kröfum vegna umgengi komi ágreiningsmál til meðferðar hjá þeim varðandi forsjá eða umgengni þar sem umgengnisréttur tekur oft breytingum og reynir oft meira á hann eftir því sem barnið eldist og þroskast.²⁴ Rétt er að taka fram að dómarrar horfa til þessa sömu sjónarmiða þegar mál er komið á borð fyrir þá sbr. 46. gr. bl.

Samkvæmt bvl. kemur það í hlut barnaverndar að tryggja barni sem býr við óviðunandi aðstæður á heimili sínu og fjölskyldu þess nauðsynlegan stuðning. Komi upp sú staða að hefja þurfi barnaverndarmál vegna tilkynningar sem berst barnaverndarþjónustu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns og þroska sé stefnt í hættu vegna vanrækslu, vanhæfis, framkomu

²⁴ Hrefna Friðriksdóttir, *op.cit.*, 24.

foreldra, vanvirðandi framkomu, ofbeldis eða hegðunar barnsins skal hún innan sjö daga frá því henni barst tilkynning þess efnis, kanna málið sbr. 1. mgr. 21. gr. bvl. foreldrar geta skotið máli barnaverndar til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 1. mgr. 23. gr. bvl.

Liggi fyrir beiðni um samþætta þjónustu til verndar barni og niðurstöður barnaverndar um þörf barnsins fyrir úrræði eru á rökum reistar samkvæmt bvl. verður barnaverndarþjónusta málstjóri. sbr. 23. gr. a. bvl. Krefjist þarfir barns þess að vistun barnsins standi lengur en í tvo mánuði utan heimilis þegar um tímabundna vistun er að ræða er úrskurðað skv. 27. og 28. gr. bl. Fari foreldri eitt með forsjá barns og forsjársvipting á sér stað sbr. 29. gr. bl. ber barnaverndarþjónustu þá að kanna grundvöll þess að ráðstafa barninu til hins foreldrisins sbr. 67. gr. a. bl.

Barnaverndarþjónusta starfrækir umdæmisráð barnaverndar en ráðið er sjálfstætt í störfum sínum, ráðsmenn þess sérstaklega. Umdæmisráð tekur ákvörðun í máli barns og úrskurðar um hana ef beita þarf úrræði til verndar barni, án samþykkis foreldra eða ef vista þarf barnið utan heimilis í allt að fjóra mánuði. Umdæmisráð getur úrskurðað um heimild barnaverndarþjónustu til að krefjast þess að barn sé vistað utan heimilis í allt að tólf mánuði, eða krafist forsjársviptingar fyrir dómi, sé það barninu fyrir bestu sbr. 13. gr. bvl. Umdæmisráð hefur því margþættar heimildir til að taka ákvarðanir með úrskurði þegar ágreiningsefni koma upp þegar barn er í fóstri, við foreldra þess og aðra ef ástæða er til að ætla að umgengni barns við foreldri eða foreldra þess sé andstæð hag og þörfum barnsins sbr. 4. mgr. 74. gr. bl.

Barnavernd getur farið fram á að umgengni barns við foreldri þess sé takmörkuð vegna hagsmuna barns eða vilja þess. Slík framkvæmd var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála varðandi umgengni foreldris, frá 22. febrúar 2022, í máli nr. 579/2021. Í því máli kærði móðir fjögurra barna úrskurð barnaverndar til úrskurðarnefndar velferðarmála á grundvelli þess að barnaverndarnefnd hefði tekið fyrir alla umgengni hennar og barna hennar. Í forsendum úrskurðarins kom fram að móðirin reisti mál sitt á því að ekki hefði verið litið til réttar hennar og barnanna samkvæmt barnasáttmálanum. Úrskurður barnaverndar kvað á um, að engin umgengni skyldi fara fram tímabundið milli hennar og dætra hennar. Í forsendum úrskurðarins kom fram að barnaverndarnefnd hafði krafist þess að umgengni við kæranda yrði alfarið felld niður við tvær elstu dætur hennar vegna ofbeldis á heimilinu og að tvær elstu dætur hennar neituðu allri umgengni við hana. Málið var byggt á 2. og 4. mgr. 74. gr. bl. á grundvelli þess að umgengni móður færi gegn hagsmunum barnanna vegna ofbeldis á heimilinu og hagsmunir barnanna fyrir borð bornir, sem og réttur þeirra til friðhelgis einkalífs og fjölskyldu

sbr. 71. gr. stjkskr. Í niðurstöðum úrskurðarins voru hagsmunir barnanna settir í forgang og umgengni takmörkuð með vilja þeirra.

Takmörkun umgengni barns við foreldri þess getur í sumum málum verið bráðnauðsynleg þegar hagsmunir barns eru í húfi eins og sjá má í dómi Landsréttar sem varðaði forsjá, umgengni og meðlag, sbr. *L 19. febrúar 2021 (547/2020)*. Í málinu deildi A og B á um forsjá, umgengni og meðlag með börnunum C og D. A krafðist þess að henni yrði einni falin forsjá barnanna og umgengni yrði ekki ákvörðuð við börnin C og D. Niðurstaða héraðsdóms var að A og B færu sameiginlega með forsjá þeirra, lögheimili yrði hjá A og B greiddi meðlag með börnunum. Þá var umgengni ákvörðuð við barnið D en ekki C þar sem hún var andvíg umgengni og komin í framhaldsskóla.

Í máli þessu krafðist A staðfestingar hins áfrýjaða dóms, um að ekki yrði kveðið á um umgengni stefnda við C. Jafnframt að inntak umgengnisréttar D við B yrði endurskoðað. Gögn málsins og framburðir aðila fyrir Landsrétti gáfu sterklega til kynna að samskiptavandi foreldra var mjög mikill og ekki forsendur fyrir sameiginlegri forsjá. Málið hófst á því að A áfrýjaði dómi héraðsdóms Suðurlands frá 6. júlí 2020 sem kvað á um sameiginlega forsjá, lögheimili hjá A, og B gert að greiða meðlag, einnig var kveðið á um umgengni.

Í niðurstöðum dómsins var stuðst við matsgerð dómkvadds matsmanns, en þar kom fram að A hefði ávallt borið meiri ábyrgð á uppeldi dætranna en B og væri þeim mjög nán og að börnin lýstu eindregnum vilja til að vera í umsjá hennar og eiga hjá henni lögheimili. Einnig kom fram að annað barnið þjáðist af mjög alvarlegum áfallastreitueinkennum sem rakin voru til ótta við umgengni við B. Þá lá fyrir að A og B áttu í miklum samskiptaerfiðleikum. Í forsendum dóms Landsréttar var stuðst við 2., 3., og 4. mgr. 34. gr. bl. um að dómara beri að kveða á um forsjá og lögheimili eftir því sem barninu er fyrir bestu og líta til hæfis foreldra, stöðugleika í lífi barnsins, skyldur foreldra um að tryggja umgengni og meta hættu á því hvort barnið, foreldri þess eða aðrir á heimilinu hafi orðið fyrir ofbeldi eða eigi það á hættu, ásamt því að kanna vilja barnsins út frá aldri þess og þroska og sérstaklega til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra myndu draga úr möguleikum barnsins til þroskavænlegra skilyrða. Fram kom í forsendum að samskiptavandi foreldra væri mjög mikill og engin breyting á honum fyrir Landsrétti og því ljóst að aðilar gætu ekki bætt samskipti sín og því væri ekki með nokkru móti hægt að fallast á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sameiginlega forsjá þar sem það samræmdist ekki lögskýringargögnum með bl. nr. 61/2012 að skipa forsjá, eins og gert var í hinum áfrýjaða dómi.

Dómkvaddur matsmaður var fenginn til að varpa ljósi á málið fyrir Landsrétti. Í niðurstöðum matsgerðar hans þar kom fram að forsjárhæfni móður væri meiri en föður, hún væri jákvæð, kát og orkumikil og næm fyrir líðan annarra en jafnframt hvatvís og gæti farið úr einu í annað og fyndi frekar fyrir líkamlegum einkennum.

Matsgerð matsmanns fyrir héraðsdómi hafði borið um að áfryjandi færi í vörn og reyndi að fegra sjálfa sig sem væri ekki sannfærandi og samskipti hennar við aðra einkenndust af viðurkenningarþörf. Móðir væri góður uppalandi en hún umgengist börnin líka meira. Ágreiningur og rifrildi foreldra hefði gert börnin óörugg og foreldrar ættu báðir sök á því, reiði og skammir stefnda í síma hefði bara valdið álagi og áhyggjum barnanna. Um stöðu og líðan barnanna kvað matsmaður eldra barnið sem var í framhaldskóla vera afburða námsmann sem stæði vel félagslega. En yngra barninu gengi illa félagslega, hefði orðið fyrir einelti, væri óöruggt í samskiptum og sýndi mikinn ótta og kvíða. Bæði börnin vildu búa hjá A og neituðu umgengni við B. Matsmaður sætti sig ekki við að B væri ástæða höfnunar umgengni heldur taldi það sök beggja foreldra. Yngra barnið fór í 22 tíma hjá sálfræðingi sem vitnaði um mjög slæma líðan barnsins og sagði það þurfa mikla hjálp til að finna sig öruggt þar sem það væri hverju sinni.

Einnig kom fram að barnið hræddist föður sinn og vildi frekar deyja en fara í umgengni til hans. Sérfræðilæknir sem meðhöndlaði barnið bar vitni um að ástæða innlagnar barnsins hefði verið „félagslegt neyðarástand með mjög alvarlegum og vaxandi einkennum, það alvarlegum að áfallameðferð gæti ekki hafist fyrr en búið væri að tryggja öryggi barnsins í heimabyggð“. Niðurstaða dómsins varð sú að Landsréttur sneri við dómi héraðsdóms. A skyldi ein fara með forsjá og lögheimili barnanna og var hún sýknuð af kröfum stefnda, um umgengni. Í þessum dómi þótti rétt að takmarka umgengni barnsins við B þar sem umgengni við hann samræmdest hvorki hagsmunum né vilja barnsins. Einnig var athyglisvert hversu mikill munur var á matsgerðum fyrir héraðsdómi og Landsrétti, sem virðist hafa haft þýðingu fyrir niðurstöðu dómanna.

4.1 Tálmun

Sum forsjár- og umgengnismál eru þess eðlis að erfitt getur reynst að ná sáttum í þeim ef annar aðilinn telur hagsmunum barns síns ógnað. Slíka dómaframkvæmd má sjá í dómi héraðsdóms í forsjár og umgengnismáli sbr. *Hd. Reykjavíkur 4. mars 2009 (E-3669/2007)*. Í forsendum dómsins kom fram að A og B áttu saman dóttur fædda 1998. Eftir sambúðarslit þeirra árið 2000

fór A með forsjá barnsins en B naut umgengni aðra hvora helgi. Vorið 2001 fór A að draga úr umgengi við B og sakaði hann um kynferðislega áreitni í garð barnsins sem þá var á 3 ári. B sneri sér til sýslumanns í júní sama ár og krafðist úrskurðar um umgengni.

Móðirin óskaði eftir aðstoð barnaverndar vegna umgengni við föður í júlí sama ár og í kjölfarið hófst lögreglurannsókn og rannsóknarviðtöl í Barnahúsi við barnið. Ekkert kom fram sem benti til þess að kynferðisleg áreitni hefði átt sér stað og málið var fellt niður.

Eftir það neitaði A að senda barnið í umgengni til B. Sýslumaðurinn í Reykjavík úrskurðaði um umgengnisrétt við föður árið 2002, en A kærði úrskurðinn til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, staðfesti úrskurð sýslumanns. A höfðaði þá mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur 2003 og krafðist ógildingar úrskurðarins, það mál var fellt niður. Reynt var árangurslaust að leita sátta milli aðila með aðstoð sálfræðings. Sýslumaður úrskurðaði um reglulega umgengni 2005 sem A kærði til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2006, og ráðuneytið staðfesti aftur úrskurð sýslumanns.

Þetta mál þetta varðar kröfu um ógildingu úrskurðar ráðuneytisins frá 2006. A greiddi dagsektir bæði 2007 og 2008. Stúlkan umgengst ekki B í rúm 4 ár og var orðin 10 ára.

Í niðurstöðum sálfræðilegrar matsgerðar á vilja stúlkunnar og líðan frá 2008, kom fram að stúlkan neitaði að hitta föður sinn „virðist sem ótti hennar byggist á ótta móður hennar við samvistir þeirra“. Móðirin vildi að barnið tæki ákvörðun um umgengni þegar hún hefði aldur til, en barn á ekki að velja á milli foreldra, umgengni á að vera barninu til hagsbóta sbr. 7. mgr. 47. gr. bl. Í niðurstöðum dóms héraðsdóms kom fram að fara skyldi hægt af stað með umgengni vegna ótta barnsins við B og með aðstoð fagfólks skyldi losa ágreining á milli foreldra.

Mín skoðun er sú að það var réttlætanlegt að A takmarkaði umgengni barnsins við B í upphafi þessa langa máls, ef hana grunaði að barnið hefði orðið fyrir kynferðislegu áreiti. En þegar rannsóknir gáfu til kynna að grunur hennar var ekki á rökum reistur og hún hélt áfram að tálma umgengni í mörg ár sem var barninu ekki fyrir bestu og er aldrei réttlætanlegt. Sýslumaður, ráðuneytið og héraðsdómur féllust heldur ekki á það og úrskurðuðu um umgengni.

4.2 Takist ekki sátt

Áður en sýslumaður getur úrskurðað um umgengni þegar foreldrar greina á um forsjá, lögheimili eða umgengni barns, eða mál er höfðað fyrir dómstólum ber að leita sátta milli foreldra og er þá horft til þess að komast að samkomulagi út frá því hvað barninu er fyrir bestu. Takist það er gerður samningur, en ef ekki er gefið út vottorð um árangurslausar sættir sem er þá grundvöllur þess að hægt sé að höfða dómsmál sbr. 33. gr. a. bl. Barnið sjálft getur farið

fram á að sýslumaður boði foreldra þess í viðtal vegna forsjár, umgengni, lögheimilis, búsetu eða um vilja þess sbr. 33. gr. b. bl.

Við sáttameðferð getur barn fengið að tjá sig og lýsa óskum sínum og vilja, ákveður sáttamaður þá í samráði við barnið og foreldra þess hvort eða hvenær það fái að tjá sig. Hann getur líka rætt einn við barnið með eða án foreldra þess eða með öðrum sem barnið treystir. Viðtalið er ekki háð samþykki foreldra barnsins og sáttamaður greinir barninu frá rétti sínum og um hvaða deilur er að ræða og svarar spurningum barnsins ef svo er. Vilji barn ekki tjá sig um mál ber að virða þann rétt. Sáttamaður metur að lokum í samráði við barnið upplýsingarnar sem barnið gefur og kynnir þær foreldrum, en rík áhersla er lögð á að foreldrar virði sjónarmið barnsins með tilliti til aldur þess og þroska sbr. 15. gr. reglugerðar um ráðgjöf, sáttameðferð og samtál að frumkvæði barns á grundvelli barnalaga nr. 76/2003 nr. 1450/2021.

Takist ekki sátt um forsjá eða lögheimili barns skal dómari skera úr um málið og fella dóm, en honum ber að synja dómsátt foreldra sé hún í bága við hag eða vilja barnsins eða andstæð lögum,²⁵ með það í huga sem barninu er fyrir bestu sbr. 34. gr. bl.

Dómara ber skylda til að leita sátta með aðilum í forsjármálum sbr. 1. mgr. 59. gr. bl., eins gerir 2. mgr. 59. gr. bl. ráð fyrir að sættir geti átt sér stað með fjölskylduráðgjöf í stað sáttameðferðar. Sátt fer að öðrum kosti fram samkvæmt XV. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.²⁶

Dómara ber að tilkynna sýslumanni þess umdæmis sem barnið býr í um þingfestingu máls sem er vegna forsjár eða lögheimilis, þinghald sem varðar börn og mál um börn fer ávallt fram fyrir luktum dyrum og við meðferð þess skal gæta þess að málsmeðferð sé flýtt sem kostur er sbr. 38. gr. bl. Dómara ber á öllum stigum máls að reyna að ná sáttum milli foreldra og leggja sitt af mörkum svo það takist vegna hagsmuna barnsins, gangi sættir illa getur dómari leitað sér aðstoðar sérfræðings eða sérfræðinga við úrlausn sáttaumleitana sbr. 40. gr. bl.

Deila foreldra um umgengni getur brugðið til beggja átta og endað með aðför, en slík dómaframkvæmd var staðfest með dómi Hæstaréttar *H 9. september 2016 (579/2016)*. Í málinu höfðu foreldrar gert réttarsátt um sameiginlega forsjá sonar þeirra en lögheimili hjá föður. Þegar barnið skilaði sér ekki úr reglulegri umgengni frá móður sinni, krafðist faðir hans beinnar aðfarargerðar til að fá hann afhentan sér aftur. Málið var rekið á grundvelli 45. gr. bl. og 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Fyrir Hæstarétti krafðist móðirin staðfestingar hins kærða úrskurðar, en fyrir héraðsdómi hefði komið fram skýr og afdráttarlaus vilji drengsins til að búa hjá henni

²⁵ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga-réttarheimilidur*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2002, 360.

²⁶ Davíð Þór Björgvinsson, *op.cit.*, 280.

en drengurinn neitað umgengni við föðurinn. Sálfræðingur lýsti hræðslu drengsins við umgengni við föðurinn sem fælni eða ofsahræðslu. Sérfræðigögn frá bráðamóttöku studdu greininguna auk þess sem bent var á að þvingun til umgengni væri barninu skaðleg og mælt gegn henni. Í niðurstöðum Hæstaréttar kom fram mikilvægi þess að barnið fengi að hafa áhrif á forsjá og umgengni og taka bæri réttmætt tillit til vilja þess sbr. 12. gr. bs., og sbr. 3. mgr. 1. gr. bl. Hinn kærði úrskurður var staðfestur og umgengni takmörkuð með vilja barnsins.

4.3 Varanlegt fóstur

Varanlegt fóstur er þegar barni er komið í fóstur til þangað til það verður 18 ára. Barnaverndarnefnd ber skylda til að ráðstafa barni í fóstur þegar umönnun er mjög áfátt vegna framferðis foreldra sbr. 1. mgr. 1. gr., sé ástand það alvarlegt að útséð sé um að unnt sé að bæta úr því nema með varanlegu fóstri, þar sem barnið aðlagast og verður hluti af fósturfjölskyldunni eins og eigið barn fósturforeldra sbr. 3. gr. Reglugerðar um ráðstöfun barna í fóstur nr. 532/1996.²⁷ Samningur um varanlegt fóstur er oftast ekki gerður fyrr en reynslutími er liðinn sem miðast við eitt ár sbr. 2. mgr. 65. gr. bvl. Foreldrar

Sum barnaverndarmál sem varða umgengni barna við foreldri þeirra fara fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála og er úrskurðað um þau þar, áður en þau fara fyrir dóm Hæstaréttar og Landsréttar, sbr. úrskurður *úrskurðarnefndar velferðarmála í máli nr. 040/2021 frá 27. ágúst 2021*. Í málinu kærði móðir tveggja barna ákvörðun barnaverndarnefndar um að taka börn hennar og finna þeim fóstur, fyrst til bráðabirgða og síðar varanlegs fóstur, eftir að annað barnið upplýsti að faðir hennar hefði áreitt hana kynferðislega. Það var álit nefndarinnar að móðirin bæri ekki velferð barnanna fyrir brjósti sem og að hún virtist ekki taka málið nægilega alvarlega því hún hleypti föður barnanna inn á heimili þeirra aftur. Eldri stúlkan sýndi mikil kvíðaeinkenni bæði fyrir og eftir umgengni við móður og neitaði að flytjast til hennar aftur og vildi heldur vera áfram hjá fósturforeldrum sínum. Yngra barnið var þó tilbúið að fara oftast til hennar í umgengni. Niðurstaða úrskurðarins að loknum fimm ára málarekstri varð sú að börnin voru sett í varanlegt fóstur til 18 ára aldurs sem byggt var á 2., 3. og 4. mgr. 74. gr. bvl.

²⁷ Vefsíða Reglugerð.is. Sótt 8. september 2023 af <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/532-1996>

Í þessu máli var réttmætt að takmarka umgengni barnanna við móður þeirra, þar sem umgengnin samrýmdist ekki hagsmunum barnanna, þar sem móðirin hleypti föður þeirra inn á heimilið. Börnunum virtist líða vel meðan þau voru hjá móður sinni en hvorki fyrir eða eftir þá litlu umgengni sem þau fengu, sérstaklega stúlkunni sem sýndi mikinn kvíða og vildi ekki umgengni. Rétt þótti þá að takmarka umgengni barnanna alveg við móður, þar sem það þótti börnunum fyrir bestu að þau færu í varanlegt fóstur, og næðu að verða hluti af fósturfjölskyldu sinni.

4.4 Vilji barnsins

Eins og komið hefur fram hér að framan er það réttur barns að það fái að láta vilja sinn og skoðun í ljós við meðferð máls sem varðar það sjálft bæði við upphafi þess og endi.

Sé mál komið á borð dómara getur hann fengið til liðs við sig sérfróðan aðila eins og t.d. sálfræðing í málefnum barna sem gefur skýrslu um viðhorf barnsins skv. 42. gr. bl. Einnig getur hann útilokað annan eða báða málsaðila frá því að vera viðstaddir þegar hann kannar hug barnsins, það sama gildir um sérfróða aðilann. Sjái dómari þörf á getur hann tilkynnt um aðstæður barns til barnaverndar, sem tekur þá við málinu á grundvelli barnaverndarlaga til stuðnings barninu sbr. 43. gr. bl.

Komið hafa upp mál þar sem ekki var rætt við barnið og fengin fram afstaða þess, við málsmeðferðina áður en ákvörðun var tekin um hagi þess og því brotið á réttindum barns þar sem rödd þess fékk ekki að heyrast, um vilja þess sbr. 1. mgr. 43. gr. bl. Slík framkvæmd var staðfest með dómi Hæstaréttar *H 29. nóvember 2017 (703/2017)* varðandi lögheimili barns til bráðabirgða og umgengnisrétt. Niðurstaðan var sú að þar sem ekki hafði verið rætt við barnið við málsmeðferðina og fengin fram afstaða þess til lögheimilis og umgengni á grundvelli sbr. 43. gr. bl. og 12. gr. bs, var dómurinn ómerktur og málinu vísað aftur heim í hérað til nýrrar málsmeðferðar.

Einnig reyndi á hvort vilji barnsins væri virtur og hvort rétt væri að takmarka umgengni af þeirri ástæðu sbr. dóm Hæstaréttar *H 11. júní 2014 (833/2014)* sem varðaði forsjá og umgengni. Í málinu deildu K og M um forsjá tveggja drengja sinna og hvort rétt væri að fara að vilja barns sem vildi ekki umgengni við foreldri þess. Í forsendum dóms héraðsdóms hafði komið fram, að best væri að M færi með forsjá yfir báðum drengjunum þar sem eldri drengurinn vildi alls ekki fara til K, en mikilvægt hafði þótt að drengirnir væru saman, sem var einnig

áréttað í bréfi frá barnavernd. Einnig kom fram að yngri drengurinn hefði verið í umgengni hjá móður sinni, þegar félagsráðgjafi ræddi við hann eftir uppkvaðningu dómsins í héraði og hann lýst eindregnum vilja til að búa hjá móður sinni. Í forsendum Hæstaréttar kom fram að þegar drengurinn átti að koma úr umgengni frá M, hafði hún farið með hann í felur í sumarbústað. Faðirinn hafði þá kært móðurina til lögreglu fyrir að svipta hann umsjá yfir barninu sbr. 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.). Lögregla fann mæðginin í sumarbústað nokkru síðar. Fulltrúi barnaverndar var boðaður á lögreglustöðina til að ræða við drenginn og þar neitaði hann að fara aftur til föður síns. Drengurinn var þá neyðarvistaður skv. 31. gr. bvl., svo takmarka mætti umgengni hans við foreldrana og kanna hug hans og vilja. Að neyðarvistun lokinni fór drengurinn heim með M þar sem hann fór með forsjána. Fyrir Hæstarétti var dómkvaddur til matsgerðar sami sálfræðingur og framkvæmt hafði mat á drengnum fyrir héraðsdómi. Hann ítrekaði fyrri matsgerð sína, um að það væri engin lausn eða hagur fyrir drengina að missa samband við foreldri sitt og taldi ekki ráðlegt að það viðgengist að eldri drengurinn, neitaði að umgangast og tala við móður sína, hann þyrfti hjálp til að losa sig við óvild, höfnun og reiði í hennar garð. Matsmaðurinn var því ekki tilbúinn að setta sig við vilja drengsins. Í niðurstöðum dóms Hæstaréttar var farið að vilja drengjanna og þeir fóru á sitt hvort heimilið.

Stundum er það svo að barnið sjálft ákveður að takmarka umgengni, þvert á vilja foreldris en slíka dómaframkvæmd má sjá í dómi Hæstaréttar *H 2004:3936 (165/2004)*. Í málinu kom fram að M höfðaði forræðismál á hendur K um forsjá dóttur þeirra sem fæddist 1992, en M hafði farið með forsjá hennar frá 1995 samkvæmt skilnaðarsamkomulagi foreldranna. Í forsendum héraðsdóms kom fram að tekið hafði verið tillit til kröfu M um að lögheimilið yrði hjá honum og var lögheimili dótturinnar flutt til M strax eftir uppkvaðningu dómsins og hún búsett hjá honum upp frá því. Dómkvaddur matsmaður var fenginn til að meta hver afstaða stúlkunnar væri um hagi sína og hvort afstaða stúlkunnar væri í samræmi við það sem væri henni fyrir bestu. Stúlkan var alveg skýr um að hún vildi búa hjá föður sínum og neitaði að búa hjá móður sinni, þrátt fyrir að henni þætti vænt um hana og hún vildi eiga gott samband við báða foreldra sína. Í niðurstöðum dómsins var farið að vilja stúlkunnar.

Einnig var farið að vilja drengs í deilum foreldra um umgengni og rakið er nánar á bls 19 hér að ofan, í dómi Hæstaréttar sbr. *H 9. september 2016 (579/2016)*. Í málinu kom fram skýr og afdráttarlaus vilji drengsins um að búa hjá móður sinni og hann neitaði að fara aftur til föður síns að lokinni umgengni hjá móður, vegna hræðslu. Sálfræðingur lýsti hræðslu drengsins við

umgengni við föðurinn sem fælni eða ofsahræðslu. Því þótti rétt að takmarka umgengni barnsins við föðurinn.

Stundum er ekki samræmi í dómaframkvæmd þegar litið er til vilja barnsins varðandi umgengni og forsjá eins og eftirfarandi dómur bera með sér sbr. dóm Hæstaréttar *H 17. nóvember 2004 (435/2004)*. Í málinu kom fram að foreldrarnir K og M deildu um forsjá til bráðabirgða og umgengni við 15 ára dóttur þeirra, en K fór með forsjá hennar. Í forsendum héraðsdóms kom fram að dóttirin hafði farið í sumarfrí til Svíþjóðar og síðan beint í umgengni til föður síns að fríinu loknu. Þegar hún átti að fara til móður sinnar aftur neitaði hún því og vildi búa áfram hjá föður sínum, í óþökk móðurinnar. Faðirinn höfðað þá mál fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra og krafðist þess að honum einum yrði falin forsjá stúlkunnar til bráðabirgða, því var hafnað. Faðirinn kærði þann úrskurð til Hæstaréttar, með máli þessu, en móðirin krafðist staðfestingar dóms héraðsdóms um forsjá hennar, en hún taldi vilja stúlkunnar ekki eiga að vera eingöngu lagðann til grundvallar í málinu, hún þyrfti festu, reglu og aga til að ná árangri í lífinu sem móðirin gæti veitt henni, en hún taldi vafasamt að stúlkan væri send með valdi til hennar væri afstaða hennar óbreytt. Sálfræðingur var fenginn til að kanna hug stúlkunnar vilja sem var skýr um að búa hjá föður. Mat sálfræðingur það svo að stúlkan væri orðin það stálpuð og hún byggði ákvörðun sína á skynsamlegum rökum og því gæti verið varhugavert að fara gegn vilja hennar og afhenda hana móðurinni. Í niðurstöðum dóms Hæstaréttar var staðfestur dómur héraðsdóms þar sem móðir fór áfram með forsjá stúlkunnar á með rekstri málsins stæði og umgengni við föður óbreytt.

Önnur niðurstaða varð í svipuðu máli varðandi forsjá og umgengi með dómi *H 8. apríl 2005 (117/2005)*. Þar var um að ræða 13 ára dreng sem bjó hjá föður sínum en fór í jólafrí til móður sinnar tveimur árum eftir aðskilnað þeirra og neitaði að snúa aftur til föður síns. Móðirin setti drenginn í skóla í sínu bæjarfélagi sem faðirinn virðist ekki hafa sett sig gegn. Móðirin höfðaði þá mál og krafðist bráðabirgðarforsjár. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms varðandi umgengni og móðirin fékk forsjá drengsins. Í þessum tveimur málum voru börnin 15 og 13 ára og gátu því auðveldlega tjáð skoðun sína og vilja. Í fyrra málinu þótti ekki rétt að takmarka umgengni við móður, þar sem ekki var tekið tillit til vilja stúlkunnar sbr. 1. mgr. 43. gr. bl. Væntanlega vegna þess að móðirin var ekki tilbúin að sætta sig við vilja stúlkunnar, sem og móðirin sagði að ekki ætti að taka barnið með valdi. Í síðara málinu var umgengni takmörkuð með vilja drengsins þar sem hann vildi frekar búa hjá móður sinni.

Þegar þörf er á að takmarka umgengni getur vilji barns haft áhrif á niðurstöður dóms í málum varðandi umgengni og lögheimili sbr. dóm Hæstaréttar *H 15. Júní 2017 (761/2016)*. Í málinu kom fram að M og K fóru sameiginlega með forsjá fjögurra barna sinna en deildu um lögheimili og umgengni. Í málinu kom fram að þegar sættir náðust ekki um lögheimili og umgengni barnanna hjá sýslumanni, stefndi faðirinn, móðirinni fyrir héraðsdóm og krafðist lögheimilis barnanna og meðlags. Móðirin krafðist sýknu af kröfum hans og krafðist þess að lögheimili stúlkanna yrði hjá henni við aðalmeðferð málsins en drengjanna hjá föður og umgengni vika í senn hjá hvoru foreldri og umgengni stúlkunnar yrði komið á í samráði við sérfræðinga og vilja stúlkunnar. Fram kom í gögnum málsins að stefnandi hafði áður krafist lögheimilis barnanna 2014 sem ekki hafði tekist sátt um.

Faðirinn áfrýjaði dómi héraðsdóms og krafðist lögheimilis barnanna og að umgengni við M yrði endurskoðuð. Stefnda krafðist staðfestingar hins áfrýjaða dóms um viku og viku umgengni. M aflaði matsgerðar um hagi barnanna og áhrif þau sem breyting búsetu hafði á börnin í kjölfar hins áfrýjaða dóms, af matsgerð var ráðið að breytingarnar hafi verið börnunum til góðs. Í málinu fyrir héraðsdómi kom fram að elsta barnið 10 ára stúlka hafði lýst því fyrir stjúpmóður sinni og fyrir dómnum að fyrrum sambýlismaður móður hennar hefði áreitt hana kynferðislega á 10 ára afmælisdegi hennar. Stúlkan fluttist í kjölfarið til föður síns en fór í heimsóknir til móður sinnar. Aðspurð sagðist stúlkan ekki vilja búa hjá móður sinni né fara í viku og viku á milli foreldra, heldur búa eingöngu hjá föður. Þar væri til allt sem hana langaði að borða og vinkonur hennar og systur kæmu og spyrðu eftir henni þar, einnig „fyndist henni vont að móðir hennar stykki í símann þegar fyrrum sambýlismaður hennar hringdi“, læsti sig inni á baðherbergi og talaði við hann þar, þá vissi hún að móðir hennar ræki enn fyrirtæki með manningum og óttaðist að þau væru enn saman og hann kæmi inn á heimilið. Í niðurstöðum dómsins var vilji barnsins virtur og farið eftir því sem stúlkunni var fyrir bestu sbr. 34. gr. bl. Faðirinn fékk því forsjá stúlkanna og móðirin forsjá drengjanna. Umgengni stúlkunnar við móður hennar var því takmörkuð með vilja barnsins.

Í þessu máli hafði traust stúlkunnar til móður hennar brostið þegar hún varð fyrir ofbeldinu og hún neitaði réttmætlega að fara í umgengni til hennar og leið greinilega vel hjá föður sínum.

4.5 Heimilisofbeldi

Áður fyrr ríkti þögn um heimilisofbeldi þrátt fyrir að vitað væri um afleiðingar þess. Heimilisofbeldi snertir börn einna mest því það hefur mikil áhrif á félagstengsl, líðan, heilsufar og menntun barna. Síðustu áratugi hefur vitundarvakning almennings um heimilisofbeldi aukist og er viðurkennt í dag að um sé að ræða heimslægana vanda sem snertir alltof marga. Á níunda áratug síðustu aldar var hafist handa við að efla baráttuna gegn ofbeldi hérlendis og stofnuð Kvennaráðgjöfin, Samtök um kvennaathvarf, Stígamót og að lokum Drekaslóðir. Þrátt fyrir þessar góðu stofnanir þarf miklu meira að koma til eins og sjá má í aðgerðaráætlunum og yfirlýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar um baráttu gegn heimilisofbeldi.²⁸

Í rannsókn sem Guðrún Kristinsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir gerðu um „þekkingu barna á ofbeldi á heimilum“ var rætt við börn og unglunga sem höfðu upplifað ofbeldi á heimili sínu frá fyrstu hendi ásamt mæðrum sínum. Markmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á því hver skilningur, reynsla og upplifun þeirra hefði verið af ofbeldinu og hvernig þau brygðust við því. Forsendur þess að börnin og mæður þeirra voru valin, var að þau hefðu búið við ofbeldi á heimili sínu, sem væri lokið og ofbeldismaðurinn væri fluttur út af heimilinu. Þær bentu á að þrátt fyrir að ofbeldismaðurinn hefði verið fluttur út af heimilinu væri ekki þar með sagt að ofbeldinu væri lokið því ofbeldismaðurinn gæti haldið áfram og ofsótt fjölskylduna í langan tíma á eftir. Rætt var við 14 börn úr 20 barna úrtaki sem voru þá á aldrinum 9 til 19 ára og sex mæður sem börnin bjuggu hjá. Ekkert þeirra dvaldi í kvennaathvarfinu en ofbeldismennirnir voru annað hvort kynfeður barnanna eða sambylismenn mæðranna. Viðbrögð barnanna við ofbeldinu braust út með mismunandi hætti, t.d. tjáði ein stúlkan að hún og bróðir hennar hefðu bæði verið lamin af föður sínum, en einnig varð hún vitni að því þegar faðir hennar reyndi að kyrkja móður hennar, í því tilviki hringdi stúlkan á lögregluna.²⁹

Í rannsókninni kom fram að stjórnsemi og ráðríki voru áberandi á heimilunum, en einnig margs konar ofbeldi bæði andlegt og líkamlegt. Misjafnt var hversu lengi ofbeldið varði en um var að ræða frá einhverjum mánuðum til fimm ára. Stjórnsemin sem börnin upplifðu lýsti nákvæmlega hluta af því sem heimilisofbeldi felur í sér. Unglingarnir voru niðurbrotnir og

²⁸ Guðrún Kristinsdóttir: „Ofbeldi á heimilum: leitað til barna og unglunga“ í *Ofbeldi á heimilum: með augum barna* (ritstj. Guðrún Kristinsdóttir), Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014, 16-59 (17).

²⁹ Guðrún Kristinsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir: „Frásagnir barna og mæðra af ofbeldi á heimili“ í *Ofbeldi á heimilum: með augum barna* (ritstj. Guðrún Kristinsdóttir), Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014, 89-167 (89, 94-96, 101).

niðurlægðir með tilheyrandi vanlíðan og ótti þeirra og kvíði fyrir næstu atlögu var alltaf yfirvofandi, með þeim afleiðingum að sum barnanna einangruðust frá vinum sínum og umhverfi.³⁰

Stundum má sjá í dómaframkvæmd að þrátt fyrir að barn búi við mikið harðræði og heimilisofbeldi getur tenging barnsins við foreldrið verið slík að það þori ekki að neita umgengni þrátt fyrir að sæta ofbeldi af hendi foreldrisins. Ungt barn gerir oftast það sem það er beðið um þar sem það vill gjarnan þóknast foreldri sínu,³¹ þar sem það þekkir ekki annað eða foreldrið kaupir barnið til umgengni. Slíka dómaframkvæmd má sjá í dómi héraðsdóms *Hd. Reykjaness 28. febrúar 2022 (S-1547/2021)*. Í forsendum dómsins kom fram að faðir tveggja barna beitti þau miklu ofbeldi. Drengurinn óttaðist að eitthvað slæmt myndi gerast þegar hann hittu föður sinn fyrst eftir skilnað foreldranna en átti erfitt með að segja nei við umgengni við hann þar sem hann gæfi honum dýra hluti þegar hann hittu hann. Drengurinn neitaði að rifja upp líðan sína í mati hjá sálfræðingi, sem taldi ljóst að drengurinn teldi að ef hann talaði ekki um atburðina sem hentu hann myndi hann hætta að hugsa um fortíðina. Stúlkan fór einnig til föður síns eftir skilnaðinn og sagði hann einnig gefa sér dýra hluti en hún saknaði hans og vildi hitta hann. Í niðurstöðum dómsins var fallist á með ákærvaldinu að ákærði hefði misþyrmt syni sínum bæði andlega og líkamlega sem varðaði við 98. gr. og 1., og 3. mgr. 99. gr. bvl. En með hliðsjón af alvarleika háttsemi föðursins þótti ákvæði 218. gr. b. hgl.,³² tæma sök gagnvart ákvæðum bvl. og ákærði dæmdur samkvæmt þeim.

4.6 Barnaníð

Birtingamyndir barnaníðs eru sumar óumdeilanlegar þar sem þær eru byggðar á staðreyndum og sönnunargögnum. Áður fyrr var talið að í þeim tilvikum þegar barn neitaði umgengni við foreldri eða foreldra sína væri orsökina annað hvort að finna í einhvers konar misnotkun á barninu eða það væri umdeilanlegt ef annað foreldrið væri ósátt, móðgað eða heiftúðugt út í hitt foreldrið og héldi því fram að barnið neitaði umgengni af einhverri ástæðu. Einnig hefur

³⁰ Nanna Þóra Andrésdóttir: „Griðarstaður frá ofbeldinu: Líðan unglinga í skóla“ í *Ofbeldi á heimilum: með augum barna* (ritstj. Guðrún Kristinsdóttir), Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014, 168-189 (175-176).

³¹ Hrefna Friðriksdóttir, *op.cit.*, 246.

³² Varðandi 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um heimilisofbeldi, kom hún ný inn í lögin 30. mars 2016, með gildistöku 4. gr. breytingarlaga, almennra hegningarlaga nr. 23/2016, en í henni segir að sá skuli sæta fangelsi allt að sex árum, sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka, sambúðaraðila, börnum eða öðrum fjölskyldumeðlimum meðal annars með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu eða nauðung.

verið talið að um lærða hegðun væri að ræða og barninu kennt að haga sér út frá vilja lögheimilisforeldris.

Sérfræðingar í málefnum barna hafa oft verið í sjokki yfir því hvernig staðið er að misnotkun barna og hversu gríðarlega mikil áhrif ofbeldi hefur á börn. Misnotkun barns varðar ekki útskýfun foreldris, heldur er um að ræða réttmæta neitun barns til að umgangast það foreldri sem beitti það ofbeldi. Í dag eru orsakir illrar meðferðar, kynferðisofbeldis eða vanrækslu taldar gildar ástæður fyrir neitun umgengni vegna þessara tegunda brota og skilgreindar sem réttmæt neitun og ber þá strax að takmarka umgengni barns við foreldrið.³³

Foreldri sem nýtir sér yfirburðarstöðu gagnvart börnum sínum með því að beita þau ítrekuðu ofbeldi og valda þeim skaða, er oft ekki hægt að ákæra, nema fyrir hluta brotanna, þar sem sannanir virðast ekki liggja nægilega fyrir eins og sjá má í forsendum dóms *Hd. Vestfjarða 11. nóvember 2022 (S-24/2022)*. Þar var ákærði faðir barnanna B og C einungis sakfelldur fyrir hluta þeirra brota sem hann var ákærður fyrir í nánú sambandi þrátt fyrir að í málinu hefði legið fyrir margar skýrslur sem teknar voru af brotapolum, m.a. frá Barnahúsi, af móður stúlkanna, brotapolum, viðtalsnótur þroskaþjálfra og fjölskyldumeðferðarfræðings sem bar á um að „fara skyldi varlega í sakirnar þegar kæmi að umgengni ákærða við stúlkurnar“ vegna áfalla sem þær höfðu orðið fyrir af hendi föður síns sem þær voru mjög hræddar við. Frásagnir móður og stúlkna þóttu trúverðugar og talið brýnt að fara varlega í umgengni. Í niðurstöðum dómsins kom fram að sakborningur ætti sér engar málsbætur og var sakfelldur.

Álíka niðurstöðu og hér að ofan, má finna í dómnum hér að neðan, nema þar var búið að takmarka umgengni barnanna við móður þeirra og börnin komin í fóstur vegna ofbeldisins eins og sjá má í dómi *Hd. Reykjavíkur 27. september 2016 (S-373/2016)*. Dómurinn reis á því að móðir 5 barna þeirra A, B, C, D og E, var ákærð fyrir brot gegn bvl. fyrir að hafa á 5 ára tímabili á árunum 2010-2015 ítrekað beitt ung börn sín andlegum og líkamlegum refsingum, hafa ógnað þeim og sýnt þeim vanvirðandi og ruddalegt athæfi sem var móðgandi og særandi. Í forsendum dómsins kom fram að þegar börnin voru tekin af heimilinu urðu miklar breytingar hjá D og E sem áður höfðu verið daufir en voru nú lífsglaðir og aðlöguðust vel á nýju heimili. Öll börnin höfðu sýnt kvíða þegar þau áttu að fara í umgengni til ákærðu. Ákærða var sakfelld fyrir alvarleg og langvarandi brot gegn börnum sínum sem öll áttu sér stað á sameiginlegu heimili þeirra sem átti að veita börnunum öryggi og skjól og því þótti rétt, með vilja barnanna að

³³ Fernando Alvarez, Josu Arrospide, Marian Elicegui, Elena Fernandez-Markaida, Maria Lusarreta, Begona Rueda, Aurora Urbano: „Child-to-Parent Resist-Refuse Dynamics. Conceptual history and proposal of denomination in Spanish“. *Papeles del Psicólogo* 2022, 96-102 (43;2). <https://doi.org/10.23923/pap.psicol.2990>.

takmarka umgengni barnanna við móður þeirra. Við ákvörðun refsingar var litið til 1., 2., 3., 6. og 8. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. hgl. Með hliðsjón af framangreindu og refsiramma 1. og 3. mgr. 99. gr. bvl. þótti refsing ákærðu hæfileg fangelsi í 18 mánuði.

Dómurinn sýnir mikilvægi réttar barnsins þegar um hagsmuni barns ræðir og umgengni ákveðin með áherslu á vilja og skoðanir barnsins við málsmeðferðina. Í þessum tveimur dómum var komið inn á ofbeldi gegn barni á heimili þeirra, í fyrrgreinda dómnum átti að fara varlega í umgengni meðan seinni dómurinn kvað á um vilja barnanna að vera áfram í fóstri og umgengni því takmörkuð við móður.

5 Lokaorð

Góð tengsl milli barns og foreldris eru eitt af því mikilvægasta í lífi hvers barns því hjá foreldrinu finnur barnið fyrir ást og umhyggju og þroskast á farsælan hátt. Stór hluti barna býr með báðum foreldrum sínum en þau sem gera það ekki eru mörg í jafnri umgengni við báða foreldra sína eða umgangast foreldrið sem þau búa ekki hjá reglulega. Friðhelgi fjölskyldunnar nýtur verndar 1. mgr. 71. gr. Stjórnarskrár. Ákvæðið endurspeglar rétt barns til að njóta fjölskyldu sinnar án afskipta stjórnvalda og hins vegar rétt foreldra barnsins til að annast uppeldi þess. Þá kemur fram í 3. mgr. greinarinnar að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar þá megi takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu ef nauðsyn ber til vegna réttinda annarra og sambærilegt ákvæði má finna í 9. gr. barnasáttmálans. Barnalög og barnaverndarlög og barnasáttmáli búa öll yfir ákvæðum sem heimila takmarkanir á rétti barnsins, krefjist hagsmunir barnsins þess.

Barnaréttur er réttarsvið sem fjallar um réttarstöðu barns að 18 ára aldri, bæði gagnvart foreldrum barnsins og öðrum. Áhrif barnaréttar á umgengni er að tryggja rétt barnsins í forsjár- og umgengnismálum og vernda það með því að segja til um hvernig skuli bregðast við til að verja réttarstöðu barns sæti það illri meðferð, óreglu eða ofbeldi af hendi foreldra sinna eða annarra, barnalög eru ein af grundvallarlögum barnaréttar þegar kemur að ákörðun um forsjá, umgengni. Réttur foreldris og barns til umgengni við hvort annað er því óumdeildur og hefur styrkst mjög mikið undanfarna áratugi. Forsjá er lögbundin og henni má eingöngu breyta með samningi eða fyrir dómi, hún er ein af mikilvægust réttindum barna því hún felur í sér skyldur foreldra til að m.a að annast barnið, veita því umhyggju og vernd, ásamt fræðsluskyldu og ala með barninu gott siðgæði sem og styðja það til menntunar og áhugamála. Forsjá hefur ekki áhrif á lögheimili barnsins, en foreldrar geta ýmist farið saman með forsjá eða annað þeirra, þeir sem fara með forsjána ber skylda til að stuðla að umgengni barns við foreldrið sem nýtur umgengni. Réttur barns til umgengni er bundinn lögum og er einn að grundvallarréttindum barnsins en hann felur einnig í sér sama rétt foreldra til umgengni við barnið sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Þá hefur jöfn umgengni í seinni tíð með viku í senn umgengni reynst mörgum vel en hún kallar á góð samskipti milli foreldra. Geti foreldrar ekki komist að niðurstöðu um umgengni geta þau leitað til sýslumanns sem úrskurðar um umgengni út frá hagsmunum barnsins ekki foreldranna og er best fyrir barnið, út frá tengslum barnsins við foreldrana, vilja barnsins, þroska og aldri. Sýslumanni ber skylda til að meta hvort barnið, foreldri þess eða fjölskyldumeðlimir eigi hættu á eða hafi orðið fyrir ofbeldi og hvernig

samskipti foreldra eru, telji hann umgengni ekki samræmast hagsmunum barnsins getur hann úrskurðað að engin umgengni verði og það sama á við um dómara.

Komi upp sú staða að takmarka þurfi umgengni barnsins við foreldri þess af einhverjum ástæðum ólíkum toga stundum sakleysilegum eins að t.d að vinir barnsins búi nálægt öðrum staðnum en hinum til þess að barn verður fyrir ofbeldi en þessar ástæður eiga það m.a sameiginlegt að þær fara í bága við hagsmuni barnsins.

Heimilisofbeldi var þá skoðað og þau áhrif sem það hefur ekki bara á barnið heldur alla fjölskylduna þar sem það sýnir sig stundum, að þrátt fyrir að sá sem ofbeldinu beitti væri fjarlægður af heimilinu gat viðkomandi hrellt fjölskylduna í mörg ár með tilheyrandi angist. Þá var komið inn á barnanið en það er samfélagsmein sem ætti aldrei að líðast.

Það er engin ein ástæða fyrir því að takmarka þurfi umgengni barns við foreldri þess, heldur geta þær verið margar og mismunandi eftir aðstæðum eins og komið hefur fram í ritgerðinni. Er því mikilvægt að meta hvert og eitt mál sjálfstætt út frá hagsmunum og þörfum þess barns sem á í hlut með það í huga sem barninu er fyrir bestu. Þær ástæður sem geta legið að baki takmörkun á umgengni eru margþættar eins og áður segir má þar nefna m.a. vilja barnsins og langanir um það hvar það vill búa en einnig hvort barnið hafi verðó fyrir ofbeldi eða vanrækslu á heimili sínu eða tálmun af einhverjum ástæðum.

Réttur barns til að láta vilja sinn í ljós í ritgerðinni er fyrirferðarmikill sem helgast af því að barn á að fá tjá sig um mál sem það varðar sjálft, sá réttur hefur styrkst og tekið breytingum í samræmi við breytta löggjöf á sviði barnaréttar. Þá má sjá að ekki alltaf er tekið tillit til vilja og skoðana barnsins, hvort sem það er hjá sýslumanni eða fyrir dómi þar sem niðurstöður mála byggja að einhverju leyti á frásögn barnsins. Í málum þar sem foreldrum deilir á um umgengni barns í kjölfar skilnaðar eða sambúðarslita er að jafnaði tekinn til greina vilji barnsins um það hvar það sjálft vilji búa. Slík mál eru að jafnað leyst hjá sýslumanni en ef ekki næst sátt um umgengni barnsins fer málið fyrir dómara til að fá niðurstöði í málinu með dómi.

Verði barn fyrir ofbeldi á heimili sínu getur barnavernd þurft að bregðast við og koma barninu til hjálpar. Sé hætta á að barnið verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu af hendi foreldris, getur verið nauðsynlegt að takmarka umgengni barnsins við foreldrið með fóstri sbr. úrskurð *úrskurðarnefndar velferðarmála frá 22. febrúar 2022 í máli nr. 579/2021* í forsendum úrskurðarins kom fram að barnaverndarnefnd hafði þurft að vista börn á fósturheimili vegna ofbeldis af hálfu móður barnanna. Í lok bráðabirgða fósturs neituðu börnin umgengni við móðurina og kusu að búa áfram hjá fósturforeldrum til 18 ára aldurs. Þarna var klárlega rétt að takmarka umgengni barnanna við foreldri þess.

Rétt er að takmarka umgengni barns við foreldri þegar aðstæður barns eru með þeim hætti að það búi við vanrækslu, vanvirðingu eða ofbeldi af einhverju tagi af hálfu foreldris í umönnun, uppeldi eða samskiptum, miðað við aldur og þroska barnsins. Búi barn við vanrækslu getur það leitað til þar til bærri stjórnvalda sér til aðstoðar. Einnig getur utanaðkomandi aðili gripið inni barninu til verndar og tilkynnt til barnaverndar.

Stundum tálmar annað foreldrið umgengni við hitt foreldrið slíkt getur haft í för með sér rof verður á tengslum barnsins við það foreldri sem verður fyrir tálmuninni sbr. *Hd. Reykjavíkur 4. mars 2009 (E-3669/2007)* þar sem móðir tálmaði föður barns í 4 ár með þeim afleiðingum að barnið var orðið hrætt við föður og viðbrögð móður, ef til umgengni við föður kæmi. Í málinu var afstaða barnsins til umgengni við föður virt ásamt því að líta til þess hvað barninu var fyrir bestu, föðurnum var dæmdur umgengnisréttur sem færi hægt af stað í samráði við fagfólk þrátt fyrir að barnið vildi ekki umgengni.

Þegar aðstæður barns eru þess eðlis að leggja þurfi mat á það hvort takmarka þurfi umgengni barns við foreldri þess eru heimilisaðstæður barnsins kannaðar ásamt því að skýrsla er tekin af aðilum máls. Í kjölfarið er tekin ákvörðun út frá heildstæðu mati, með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, þá annað hvort með úrskurði eða dómi. Fyrst og síðast eiga það að vera hagsmunir barnsins sem ráða för þegar tekin er ákvörðun um að takmarka umgengni barns við foreldri eða foreldra þess. Það er svakalegt að takmarka þurfti umgengni barns við foreldri þess, en það sem er enn svakalegra er að það er ástæða fyrir því.

HEIMILDASKRÁ

Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators 1995.

Dögg Pálsdóttir: „Bráðabirgðaforsjá“ í *Guðrúnarbók: afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur* (ritn. Pétur Kr. Hafstein o.fl.), Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2006, 159-177.

Fernando Álvarez, Josu Arrospide, Marian Elicegui, Elena Fernández-Marakaida, María Lusarreta, Begona Rueda y Aurora Urbano: „Child-to-Parent Resist-Refuse Dynamics. Conceptual history and proposal of denomination in Spanish“. *Papeles del Psicólogo* 2022, 96-102 (43;2).

<https://doi.org/10.23923/pap.psicol.2990>

Guðrún Kristinsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir: „Frásagnir barna og mæðra af ofbeldi á heimili“ í *Ofbeldi á heimilum: með augum barna* (ritstj. Guðrún Kristinsdóttir), Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014, 89-167.

Guðrún Kristinsdóttir: „Ofbeldi á heimilum: leitað til barna og unglunga“ í *Ofbeldi á heimilum: með augum barna* (ritstj. Guðrún Kristinsdóttir), Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014, 16-59.

Nanna Þóra Andrésdóttir: „Griðarstaður frá ofbeldinu: líðan unglunga í skóla“ í *Ofbeldi á heimilum: með augum barna* (ritstj. Guðrún Kristinsdóttir), Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014, 168-189.

Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók: Barnalögin nr. 76/2003, með síðari breytingum*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið 2. útg. 2021

Hrefna Friðriksdóttir: „Samningur um réttindi barnsins“ í *Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (ritstj. Björg Thorarensen o.fl.), Reykjavík: Bókaútgáfan Codex og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands 2009, 289-338.

Jónas Jóhannsson: „Hafnarfjarðarleiðin“ *Breyttar áherslur og aðferðir við sáttameðferð forsjármála*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2006.

Sigríður Logadóttir: *Lög á bók, Yfirlitsrit um lögfræði*. Reykjavík: Mál og Menning 2003.

Sigríður Logadóttir: *Lög á bók, Yfirlitsrit um lögfræði*. Reykjavík: Mál og Menning 2. útg. 2016.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga-réttarheimilidir*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2002.

UNICEF og Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn, Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi* (ritstj. Þórhildur Líndal), Reykjavík: UNICEF 2007.

Vefsíða Barnasáttmála. Sótt 20. júní 2023 á <https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-foreldra/saga-barnasattmalans>.

Vefsíða Stjórnarráðsins. Sótt 20. júní 2023 á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/barnarettur/>.

Vefsíða Stjórnarráðsins. Sótt 2. ágúst 2023 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/barnarettur/umgengni-og-umgengnisrettur/>

Vefsíða Umboðsmanns barna. Sótt 20. apríl 2023 á <https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmali-sameinudu-thjodanna>.

Hæstaréttardómar.

H 21. október 2004. 2004:3936 (165/2004)

H 8. apríl 2005 (117/2005)

Hrd 11. júní 2015 (833/2014)

H 9. september 2016 (579/2016)

H 15. Júní 2017 (761/2016)

H 29. nóvember 2017 (703/2017)

Héraðsdómar.

Hd. Reykjavíkur 4. mars. 2009 (E-3669/2007)

Hd. Reykjavíkur 27. september 2016 (S-373/2016)

Hd. Reykjaness 28. febrúar 2022 (S-1547/2021)

Hd. Vestfjarða 11. nóvember 2022 (S-24/2022)

Landsréttardómar.

L 12. maí 2023 (2/2023). mgr. 2, 4, 20

Lagaskrá.

Aðfararlög nr. 90/1989, 78. gr.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Barnalög nr. 76/2003.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Úrskurðarnefnd velferðarmála.

Úrskurður úrskurðarnefndar frá 27. ágúst 2021, mál nr 040/2021.

Úrskurður úrskurðarnefndar frá 22. febrúar 2022, mál nr. 579/2021